

# Lítíum lyfjameðferð

Lítíum er lyf sem er notað til að meðhöndla geðhvörf og getur einnig gagnast sumum með langvinnt þunglyndi, sem svarar ekki hefðbundinni meðferð og ákveðnum tegundum af geðklofa.

Meðferð með lítíum hefur reynst vera árangursríkasta meðferðin sem völ er á við geðhvörfum I.

Lítíum hefur áhrif á boðefni í heila og hjálpar við að koma jafnvægi á geðslag. Það mildar geðsveiflur og getur komið í veg fyrir nýjar veikindalotur.

## Áður en meðferð er hafin

Læknir sem ávísar meðferð fræðir um lyfið, áhrif þess á líkamann og hvernig eftirliti með meðferðinni verður háttáð.

## Áður en meðferð hefst þarf að:

- Taka blóðsýni til þess meðal annars að meta starfsemi nýrna.
- Vigta til að meta hvort lyfið valdi aukningu á líkamsþyngd.
- Taka hjartalínurit, ef um hjartasjúkdóm er að ræða hjá viðkomandi eða nánustu fjölskyldu.

## Inntaka lítíums

Læknir gefur fyrirmæli um hvernig á að taka lyfið. Upphafsskammtur lítíums er yfirleitt ein tafla að kvöldi. Skammtur er síðan aukinn smám saman. Það getur tekið tíma að finna út hvaða skammtur hentar hverjum og einum en skömmtun lyfsins fer eftir styrk þess í blóði. Leitast er við að hafa styrk lítíums í blóði á bilinu 0,4-1,0 mmol/L til að fá sem besta virkni og koma í veg fyrir aukaverkanir. Stærð skammta getur verið á bilinu 4-10 töflur á dag.

Forðast þarf að tyggja eða mylja töfluna en það er í lagi að brjóta hana til helminga. Mælt er með að taka lyfið að kvöldi, rannsóknir hafa bent til að það hafi verndandi áhrif á nýru.

Blóðsýni eru yfirleitt tekin að morgni dags, 12 klukkustundum eftir að seinasti skammtur lyfsins var tekinn inn. Þeir sem taka lítíum inn að morgni þurfa að hafa í huga að taka ekki inn morgunskammt lyfsins fyrr en að lokinni blóðrannsókn.

Blóðsýni eru tekin örar í upphafi meðferðar og ef skammti er breytt. Litíumgildi í blóði er mælt um fimm dögum eftir upphaf meðferðar og eftir breytingu á skammti því það tekur þann tíma fyrir lyfið að ná stöðugum styrk í líkamanum. Niðurstöður blóðsýna birtast í Landspítalaappinu.

**Mikilvægt er að blóðsýni sé tekið sem næst 12 klukkustundum eftir að litíum var tekið seinast inn. Dæmi: Ef lyfið er tekið klukkan 21:00 á kvöldi er mælt með að blóðsýni sé tekið klukkan 9:00 næsta morgun.**

Ef gleymist að taka lyfið í einn dag á ekki að taka tvöfaldan skammt næsta dag til að bæta upp skammtinn sem gleymdist. Lyfið er tekið inn í venjulegum skammti næsta dag. Ef gleymist að taka lyfið í einhverja daga, þarf að ráðfæra sig við lækni því þá gæti þurft að auka skammt smám saman.

Mikilvægt er að taka litíum inn daglega í þeim skammti sem læknir gefur fyrir mæli um.

- Ekki er ráðlagt að breyta skömmtum eða hætta töku litíums án samráðs við lækni.
- Stöðva getur þurft töku litíums fyrir skurðaðgerð. Því er mikilvægt að greina frá meðferðinni ef skurðaðgerð er fyrirhuguð.

## Taka annarra lyfja með litíum

Áður en litíum meðferð hefst er mikilvægt að segja lækni sem ávísar lyfinu frá hvaða önnur lyf verða tekin samhliða. Eftir að meðferð með litíum hefur verið hafin er einnig mikilvægt að upplýsa heilbrigðisstarfsfólk um töku litíums. Það er gert til að koma í veg fyrir hugsanlegar milliverkanir annarra lyfja sem tekin eru.

Sum lyf geta dregið úr útskilnaði litíums um nýru og þannig haft áhrif á styrk þess í blóði sem getur valdið aukaverkunum og jafnvel eitrunaráhrifum. Það á bæði við ef lyf eru tekin til skemmri eða lengri tíma.

### Lyf sem er ekki ráðlagt að taka samhliða litíum eru:

- Bólgueyðandi verkjalyf, svo kölluð NSAID-lyf, til dæmis ibuprofen (Ibufen). Reynist nauðsynlegt að taka bólgueyðandi lyf þarf að hafa samráð við lækni sem fylgist þá nákvæmlega með litíum gildi í blóði meðan á þeirri meðferð stendur.
- Sum lyf við hækkuðum blóðþrýstingi og þvagræsilyf og þá er mikilvægt að ráðfæra sig við lækni eða klíniskan lyfjafraeðing.

Önnur lyf en þau sem hér eru upptalin geta hugsanlega haft áhrif á styrk litíums í blóði og því þarf að taka afstöðu til þeirra áður en meðferð með litíum og skammtar eru ákveðnar.

### **Eftirlit meðan á litíum meðferð stendur**

Þeir sem eru á litíum þurfa að vera í reglulegu eftirliti hjá heilbrigðisstarfsmanni sem fylgist með líðan, almennu líkamlegu heilsufari, ávísar blóðrannsóknum og fylgir eftir niðurstöðum þeirra.

Yfirleitt er ekki þörf á blóðsýnatöku nema tvisvar til þrisvar á ári eftir að stöðugum styrk litíums í blóði er náð. Með blóðsýnum er fylgst með styrk litíums í blóði, starfsemi nýrna, skjaldkirtils og kalkkirtla. Reglulega er fylgst með líkamsþyngd og blóðþrýstingi.

### **Samvinna við lækna og ábyrgð á meðferð**

Læknir sem hefur lyfjameðferð með litíum ber ábyrgð á eftirlitinu. Síðar meir getur ábyrgðin flust annað svo sem á heilsugæslu eða til sérfræðilæknis á stofu. Fólk sem tekur lyfið þarf að vera meðvitað um hvaða læknir ber ábyrgð á eftirlitinu á hverjum tíma, mæta reglulega í blóðsýnatöku, fylgjast með niðurstöðum mælinga og þekkja viðmiðunargildin. Góð samvinna við lækni er lykilatriði fyrir árangur meðferðar.

Til að ná sem bestum árangri með meðferð og halda aukaverkunum í lágmarki skiptir nán samvinna læknis og sjúklings mestu máli.

Mikilvægt er að bera sjálfur ábyrgð á inntöku lyfsins og hafa frumkvæði að því að fá tekin blóðsýni og hafa samband við lækni ef líðan versnar. Versnun einkenna gæti bent til þess að hækka þurfi skammt lyfsins.

### **Vökvajafnvægi**

Þar sem litíum skilst út um nýrun er mikilvægt að gæta vel að inntöku vökva og salts í fæðu. Of lítil vökvainntaka eða of mikið vökvatap, getur aukið líkur á of háu gildi litíums í blóði. Það getur leitt til aukaverkana og í alvarlegri tilfellum eitrunaráhrifa.

Mælt er með að auka vökvainntöku við vökvatap svo sem ef dvalið er í heitu loftslagi, við æfingar þar sem hætta er á vökvatapi svo og þegar farið er í heita potta og gufuböð.

Ráðlagt er að hafa samband við lækni við alvarlegt vökvatap svo sem vegna uppkasta, niðurgangs, háts hita eða mikillar svitamyndunar. Í sumum tilfellum gæti átt við að sleppa úr skammti eða mæla litíum gildi í blóði aukalega.

## Meðganga og brjóstagjöf

Konur sem greindar eru með geðhvörf eru hvattar til þess að skipuleggja barneignir, óska eftir ráðgjöf læknis um barneignarferlið og notkun lyfsins á meðgöngu. Þannig er hægt að laga lyfjameðferð að aðstæðum á meðgöngu og eftir fæðingu. Tekið er tillit til margra þátta við val á lyfjameðferð á meðgöngu. Sumar konur geta haldið áfram töku lítíums á meðgöngu en hjá öðrum gæti átt við að hætta töku þess.

## Aukaverkanir og áhætta

Lítíum meðferð er langtímameðferð sem flestir þola vel. Með tímanum getur lítíum haft áhrif á starfsemi nýrna en það er sjaldgæft. Oftast má komast hjá aukaverkunum með að auka skammta smám saman. Fæstir finna fyrir hamlandi aukaverkunum og flestar aukaverkanir eru vægar og ganga hratt yfir.

### Algengustu aukaverkanir

- Meltingartruflanir; svo sem ógleði eða niðurgangur
- Málmbragð í munni eða munnþurrkur
- Þreyta og orkuleysi
- Aukinn þorsti
- Tíð eða mikil þvaglát
- Handskjálfti
- Þyngdaraukning
- Bjúgur
- Húðvandamál, svo sem versnun á bólum, exemi eða psoriasis
- Vanstarfsemi skjaldkirtils (hypothyroidism)

### Alvarlegar aukaverkanir og eitrunaráhrif

Alvarlegar aukaverkanir og eitrunaráhrif af völdum lítíum meðferðar eru mjög sjaldgæf við venjulegar skammtastærðir.

**Hafa þarf tafarlaust samband við lækni, sem hefur umsjón með litíummeðferð, eða leita á bráðamóttöku ef eftirfarandi alvarlegar aukaverkanir eða eitrunaráhrif koma fram:**

- Mikil uppköst og niðurgangur
- Óstjórnlegur skjálfti í öllum líkamanum
- Syfja
- Alvarlegur svimi, yfirliðstilfinning eða yfirlið
- Hjartsláttaróregla eða verkur fyrir brjósti
- Vöðvaslappleiki eða vöðvakrampar
- Ósamhæfðar hreyfingar
- Jafnvægistruflun
- Þvoglumælgj
- Óáttun, ruglástand
- Ofskynjanir
- Krampi

**Í neyðartilfellum er hringt í 112**

## **Frekari upplýsingar um notkun litíum**

Ef frekari upplýsinga er þörf þarf að hafa samband við þann lækni sem stýrir meðferðinni.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU  
MARS 2025  
FRÆ-1176

ÁBYRGÐARMENN:  
DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR  
GÖNGUDEILDAR LYNDISRASKANA

HÖNNUN:  
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR  
LANDSPÍTALA